


Footnotes



Neðanmálgreinar

Dagsetningar á næstu árum

Úr Almanaki Háskólans 2014.

Neðanmálgrein er athugasemd eða upplýsingaklausa **neðanmáls** í riti, (oft tölusett eða merkt bæði neðanmáls og með tilvísun á viðeigandi stað í meginmáli).

REFERENCES – Insert Footnote Setja inn neðanmálgrein

Þegar tilvísanir eiga að vera neðanmáls á sömu síðu er bendill staðsettur þar sem vísað er í neðanmálgreinina. Farið í: **REFERENCE – Footnotes – Insert Footnote** (Tilvísanir – Neðanmálgreinar – Setja inn neðanmálgrein)

Þá birtist lína og númer á skjánum. Þar á að skrifa texta neðanmálgreinarinnar. Ýtt er á dálklykil áður en textinn er skrifaður. Þá kemur bil frá númeri að texta.

Ef neðanmálgrein fer í tvær línur eða fleiri þarf að setja hangandi inndrátt á hana:

HOME – Paragraph – Hanging – By: 1,25 cm (HEIM – Efnisgrein – Sérstakt – Hangandi – Með: 1,25 cm).

Flýttiskipun fyrir hangandi inndrátt er **Ctrl+T**.

Oft er inndrátturinn hafður minni, t.d. 0,5 cm.




Saga orðsins

Orðið „sýndarveruleiki“ er ungt í málinu en upphaflega var það ekki notað sem þýðing á „virtual-reality“ heldur í heimspekilegu samhengi sem rekja má aftur til Forn-Grikkja.


Ef eyða á neðanmálgrein þarf að eyða tilvísunartölunni (ýta á **Bakk** eða **Delete**)

Saga orðsins¹

Ef tilvísunarnúmer eiga að byrja nr. 1 á hverri síðu er smellt í fellivalmyndina **Footnotes** (Neðanmálgreinar) og hakað við **Numbering – Restart each page**




(Tölusetning – Upp á nýtt á hverri síðu) þá hefur hver blaðsíða sitt númer, þ.e. tilvísanir á hverri blaðsíðu byrja á nr. 1. – **Apply** (Nota).



Ef hakað er við **Numbering – Restart each section**

(Tölusetning – Upp á nýtt við hvern kafla)


þá hefur hver hluti (útlitskafla) sitt númer.



Ef breyta á tákni á neðanmálgrein er smellt í valmyndina **Footnotes** (Neðanmálgreinar) og annað tákni valið í **Number format** (Talnasnið).

Insert Endnote

Setja inn aftanmálgrein



Tilvísanir sem koma í lok ritgerðar nefnast aftanmálgreinar (**Endnotes**).

Þegar tilvísanir eiga að koma aftast í skjalið er bendill staðsettur þar sem vísað er í aftanmálgreinina og valið **REFERENCE – Footnotes – Insert Endnote** (TILVÍSANIR – Neðanmálgreinar – Setja inn aftanmálgrein).

Aftanmálgrein er athugasemd eða upplýsingaklausa **aftan** meginmáls í riti (yfirleitt tölusett og með tölu-tilvísun í meginmáli).

Next Footnote Næsta neðanmálgrein

Fara á næstu neðanmálgrein í skjalinu.

Show Notes Sýna neðan-/aftanmálgreinar

Fletta í skjalinu til að sjá hvar neðanmáls- eða aftanmálgreinar eru.